

## Samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Niðurstöðuskjal.

Frumvarpsdrög voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-126/2020) 3. júlí 2020 og var umsagnarfræstur til 8. ágúst 2020. Tólf umsagnir bárust á þeim tíma, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Landssamtök-unum Þroskahjálp, Reykjavíkurborg, Staðlaráði Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Sam-tökum atvinnulífsins, Jafnréttisstofu, Alþýðusambandi Íslands, Samtökunum 78, samráðs-vettvangi jafnréttisfulltrúa háskólanna og einum einstaklingi.

Í flestum tilvikum er fyrirhugaðri lagasetningu fagnað þó svo að umsagnaraðila hafi greint á um einstaka atriði. Tekið var tillit til athugasemda eftir því sem tilefni var til, meðal annars var fallist á það sjónarmið sem fram kom í umsögnum frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB og Kvenréttindafélagi Íslands. að fella á brott orðin „í óþökk“ í skilgreiningunni á hugtökunum *kynbundin áreitni* og *kynferðisleg áreitni* sbr. skýringar við 2. gr.

Einnig vöktu nokkrir umsagnaraðilar athygli á mikilvægi þess að Jafnréttisstofu yrði tryggð nægjanleg fjármögnun vegna aukinna verkefna sem stofunni eru falin í frumvarpinu en frumvarpið gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um eitt stöðugildi hjá Jafnréttisstofu vegna þessara nýju verkefna, sbr. kafla 6 í greinargerð með frumvarpinu. Þá bentu Samtök atvinnulífsins og Jafnréttisstofa á nauðsyn þess að bætt yrði við orðskýringaákvæði frumvarpsins skilgreiningu á fjölda starfsmanna að jafnaði á ársgrundvelli og tekið hefur verið tillit til þeirrar athugasemdar í frumvarpinu.